# Jeratún ehf.

Samandreginn árshlutareikningur

# 1/1-30/6 2015

Jeratún ehf.
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður
kt. 501203-2030

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og hluthafa í Jeratúni ehf.**

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Jeratúns ehf. fyrir tímabilið 1/1-30/6 2015. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34 eins og hann var samþykktur af Evrópusambandinu.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli könnunarinnar.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu 1/1-30/6 2015, efnahag þess 30. júní 2015 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við IAS 34, árshlutareikningsskil, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

**Ábending**

Án þess að gera fyrirvara við ályktun okkar viljum við vekja athygli á skýringu númer 12 með árshlutareikningnum sem inniheldur viðeigandi lýsingu á óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins og þeim aðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til þannig að áframhaldandi rekstrarhæfi sé tryggt.

Grundarfirði, 31. ágúst 2015.

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Árshlutareikningur Jeratúns er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Hagnaður Jeratúns ehf. á tímabilinu 1/1-30/6 2015 nam kr. 8.677.608. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 448.064.556, eigið fé í lok tímabilsins er um kr. 76.888.921 og er eiginfjárhlutfall félagsins 17,2%.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í félaginu 4 eins og í upphafi árs. Hlutafé í Jeratúni ehf. er kr. 245.500.000 og skiptist þannig:

| | Nafnverð | Hlutdeild |
|---|---|---|
| Stykkishólmsbær | 66.285.000 | 27% |
| Grundarfjarðarbær | 68.740.000 | 28% |
| Snæfellsbær | 108.020.000 | 44% |
| Helgafellssveit | 2.455.000 | 1% |

Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31.júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru kr. 61.483.208,- á ársgrundvelli og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga eins hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2015 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2015.

Stjórn og framkvæmdastjóri Jeratúns ehf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1/1-30/6 2015 með undirritun sinni.

Grundarfirði, 31. ágúst 2015.

Í stjórn

Sturla Böðvarsson
Stjórnarformaður

Kristinn Jónasson

Hinrik Konráðsson

Framkvæmdastjóri

Sigurlaug R. Sævarsdóttir
Framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu tímabilsins 1/1-30/6 2015

| | Skýr. | 1/1-30/6 2015 | 1/1-30/6 2014 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 30.455.630 | 23.983.314 |
| Annar rekstrarkostnaður | | (4.046.404) | (2.714.901) |
| Afskriftir | 6 | (2.162.745) | (2.392.824) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 24.246.481 | 18.875.589 |
| Fjármunatekjur | 4 | 2.353 | 4.711 |
| Fjármagnsgjöld | 4 | (15.571.226) | (14.646.130) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | 8.677.608 | 4.234.170 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2015

| Eignir | Skýr. | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 431.095.941 | 433.258.686 |
| | | 431.095.941 | 433.258.686 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 7 | 2.464.582 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 439.740 | 50.061 |
| Handbært fé | 7 | 14.064.293 | 15.490.441 |
| | | 16.968.615 | 15.540.502 |
| **Eignir** | | 448.064.556 | 448.799.188 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Hlutafé | | 245.500.000 | 227.500.000 |
| Ójafnað tap | | (168.611.079) | (177.288.687) |
| Eigið fé | | 76.888.921 | 50.211.313 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 320.613.732 | 343.676.897 |
| | | 320.613.732 | 343.676.897 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 11 | 679.222 | 706.842 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 11 | 45.414.632 | 45.906.485 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 11 | 4.468.049 | 8.297.651 |
| | | 50.561.903 | 54.910.978 |
| Skuldir | | 371.175.635 | 398.587.875 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 448.064.556 | 448.799.188 |

# Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1/1-30/6 2015

| | Skýr. | 1/1-30/6 2015 | 1/1-30/6 2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 24.246.481 | 18.875.589 |
| Afskriftir | 6 | 2.162.745 | 2.392.824 |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 26.409.226 | 21.268.413 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) | | (2.853.953) | (408.948) |
| Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun | | (1.825.633) | 195.188 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 21.729.640 | 21.054.653 |
| Innborgaðir vextir | | 2.045 | 3.596 |
| Greiddir vextir | | (11.389.887) | (12.430.679) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 10.341.798 | 8.627.570 |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | 9 | (29.767.946) | (29.511.877) |
| Innborgað hlutafé | 8 | 18.000.000 | 25.000.000 |
| | | (11.767.946) | (4.511.877) |
| Hækkun handbærs fjár | | (1.426.148) | 4.115.693 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 15.490.441 | 14.240.048 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 14.064.293 | 18.355.741 |
| | | | |
| **Aðrar upplýsingar** | | | |
| Veltufé frá rekstri | | 17.053.281 | 11.153.986 |

# Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

| | Hlutafé | Ójafnað tap | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2014 | 202.500.000 | (191.973.601) | 10.526.399 |
| Aukning hlutafjár | 25.000.000 | | 25.000.000 |
| Heildarafkoma tímabilsins | | 4.234.170 | 4.234.170 |
| Eigið fé 30.6.2014 | 227.500.000 | (187.739.431) | 39.760.569 |
| | | | |
| Eigið fé 31.12.2014 | 227.500.000 | (177.288.687) | 50.211.313 |
| Aukning hlutafjár | 18.000.000 | | 18.000.000 |
| Heildarafkoma tímabilsins | | 8.677.608 | 8.677.608 |
| Eigið fé 30.6.2015 | 245.500.000 | (168.611.079) | 76.888.921 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Jeratún ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Jeratún ehf. á og leigir út skólahúsnæðið að Grundargötu 44.

## 2. Reikningsskilareglur

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings fyrir árið 2014. Árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs. Samandreginn árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum árshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

## 3. Starfsþáttayfirlit

Stjórnendur líta á félagið sem einn starfsþátt.

**Tekjuskipting eftir viðskiptavinum:**
Félagið hefur tekjur af leigu fasteignar og koma tekjurnar frá fimm aðilum.

| | 1/1-30/6 2015 | | 1/1-30/6 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | 18.273.377 | 60,00% | 14.389.988 | 60,00% |
| Grundarfjarðarbær | 3.411.031 | 11,20% | 2.686.131 | 11,20% |
| Helgafellssveit | 121.823 | 0,40% | 95.933 | 0,40% |
| Snæfellsbær | 5.360.191 | 17,60% | 4.221.064 | 17,60% |
| Stykkishólmsbær | 3.289.208 | 10,80% | 2.590.198 | 10,80% |
| | 30.455.630 | 100,00% | 23.983.314 | 100,00% |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| **Fjármunatekjur:** | 1/1-30/6 2015 | 1/1-30/6 2014 |
|---|---|---|
| Aðrar vaxtatekjur | 2.353 | 4.711 |
| | 2.353 | 4.711 |

| **Fjármagnsgjöld:** | 1/1-30/6 2015 | 1/1-30/6 2014 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (15.336.386) | (14.610.512) |
| Önnur vaxtagjöld | (38.063) | (32.848) |
| | (15.571.226) | (14.646.130) |

## 5. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2016, vegna tímabilsins 1/1-30/6 2015, þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### Kostnaðarverð

| | Fasteignir |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2014 | 478.564.783 |
| Eignfært á árinu | 2.045.402 |
| Staða 31. desember 2014 | 480.610.185 |
| Staða 1. janúar 2015 | 480.610.185 |
| Staða 30. júní 2015 | 480.610.185 |

### Afskriftir

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2014 | 43.042.710 |
| Afskrift ársins | 4.308.789 |
| Staða 31. desember 2014 | 47.351.499 |
| Staða 1. janúar 2015 | 47.351.499 |
| Afskrift tímabilsins | 2.162.745 |
| Staða 30. júní 2015 | 49.514.244 |

### Bókfært verð

| | |
|---|---|
| Bókfært verð 31. desember 2014 | 433.258.686 |
| Bókfært verð 30. júní 2015 | 431.095.941 |
| Afskriftarhlutföll | 1% |

## 7. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 2.464.582 | 0 |
| | 2.464.582 | 0 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 389.371 | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | 50.369 | 50.061 |
| | 439.740 | 50.061 |

**Handbært fé**

| Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnistæðum: | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Bankainnistæður í íslenskum krónum | 14.064.293 | 15.490.441 |
| | 14.064.293 | 15.490.441 |

## 8. Hlutafé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé 1.1.2014 | 202.500.000 | 100,0% | 202.500.000 |
| Hlutafjáraukning á árinu 2014 | 25.000.000 | | 25.000.000 |
| Heildarhlutafé 1.1.2015 | 227.500.000 | 100,0% | 227.500.000 |
| Hlutafjáraukning á árinu 2015 | 18.000.000 | | 18.000.000 |
| Heildarhlutafé 30.6.2015 | 245.500.000 | 100,0% | 245.500.000 |

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé er að fullu greitt.

## 9. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
| Skuldir í ISK | 366.028.364 | 389.583.382 |
| | 366.028.364 | 389.583.382 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (45.414.632) | (45.906.485) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 320.613.732 | 343.676.897 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
| Til greiðslu 1.7.2015-30.6.2016 / 2015 | 45.414.632 | 45.906.485 |
| Til greiðslu 1.7.2016-30.6.2017 / 2016 | 46.890.434 | 46.890.434 |
| Til greiðslu 1.7.2017-30.6.2018 / 2017 | 46.890.434 | 46.890.436 |
| Til greiðslu 1.7.2018-30.6.2019 / 2018 | 46.890.434 | 46.890.434 |
| Til greiðslu 1.7.2019-30.6.2020 / 2019 | 46.890.434 | 46.890.436 |
| Afborganir síðar | 133.051.996 | 156.115.157 |
| | 366.028.364 | 389.583.382 |

## 10. Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding)

| | Inneign/ (skuldbinding) |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 32.186.871 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins 1/1-30/6 2015 | (1.735.522) |
| Staða í lok tímabils | 30.451.349 |

## 10. Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) (framhald)

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (9.627.420) |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | 40.078.769 |
| | 30.451.349 |

Tekjuskattsinneign er ekki færð í árshlutareikning félagsins sökum óvissu um nýtingu hennar.

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist í síðasta lagi til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Frá hagnaði ársins 2016 | 33.905.514 |
| Frá hagnaði ársins 2017 | 27.314.519 |
| Frá hagnaði áranna 2018-2024 | 139.173.814 |
| | 200.393.847 |

## 11. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 679.222 | 706.842 |
| | 679.222 | 706.842 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 45.414.632 | 45.906.485 |
| | 45.414.632 | 45.906.485 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 0 | 1.798.013 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 4.468.049 | 6.499.638 |
| | 4.468.049 | 8.297.651 |

## 12. Rekstrarhæfi

Hagnaður félagsins á tímabilinu 1/1 - 30/6 2015 var um 8,7 millj.kr. og er eigið fé félagsins um rúmar 76,9 milljónir króna í lok tímabilsins, eftir 18 milljón króna hlutafjáraukningu Skammtímaskuldir félagsins eru hærri en veltufjármunir og ljóst að áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins byggir á því að eigendur félagsins leggi fram viðbótarhlutafé til að félagið geti staðið skil á afborgunum af langtímalánum. Leigutekjur Jeratúns, sem greiddar eru af ríki og þeim sveitarfélögum sem standa að rekstri Jeratúns standa undir rekstri og vaxtagreiðslum Jeratúns ehf. en ekki afborgunum af langtímalánum. Í árshlutareikningi félagsins er skráning eigna og skulda í efnahagsreikningi miðuð við áframhaldandi starfsemi. Af þessum ástæðum er óvissa um rekstrarhæfi félagsins, nema að unnt sé að afla eigin fjár.

## 13. Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 31. ágúst 2015.